

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2018

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um umsókn Rnes ehf. um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi

Með bréfi Orkustofnunar dags. 3. júlí sl. var óskað eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um umsókn Rnes ehf., kt. 530303-2330, dags. 22. maí 2018, þar sem sótt var um leyfi til nýtingar á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Ísafjarðarbær er eigandi nýtingarsvæðisins og telur sig eiganda þeirra jarðhitaréttinda sem umsóknin lýtur að.

Ísafjarðarbær hefur ekki önnur gögn um málið en fyrirliggjandi umsókn og fylgigögn til Orkustofnunar. Var því aflað frekari upplýsinga hjá umsækjanda sjálfum, sbr. nánar hér á eftir.

Af samskiptum Ísafjarðarbæjar og umsækjanda má ráða að umsækjandi telur sig ekki þurfa að greiða endurgjald fyrir nýtingu jarðhita, sbr. 7. gr. laga nr. 57/1998. Annars vegar þar sem umsækjandi telur sig jafrvel eiga þær borholur sem Orkubú Vestfjarða hefur krafid hann um greiðslu fyrir nýtingu á, og vísað er til í umsókn hans, og hins vegar þar sem hann telur sig eiga jarðhitaréttindi á svæðinu á grundvelli afsals dags. 15. júlí 2003, en með því eignaðist umsækjandi byggingar á svæðinu. Í öllu falli telur hann sig ekki þurfa að greiða endurgjald fyrir nýtingu jarðhita. Þessu hafnar Ísafjarðarbær alfarið.

Auk framangreinds, þó þessu óviðkomandi, er einnig ágreiningur milli Ísafjarðarbæjar og Orkubús Vestfjarða um eignarhald á jarðhitaréttindum landsvæðisins.

Á það er einnig bent að á umræddu veitusvæði eru borholur sem umsækjandi var áður með tengingu við, og sem hann getur fengið aðgang að gegn endurgjaldi til Orkubús Vestfjarða, án þess að Ísafjarðarbær taki afstöðu til þess hér hvort Orkubúið er réttur viðtakandi slíkrar greiðslu.

Auk þessa bendir Ísafjarðarbær á að samkvæmt fyrirliggjandi umsókn er óskað eftir nýtingarleyfi í 65 ár en lóðarleigusamningur Ísafjarðarbæjar og umsækjanda er aðeins til ársins 2027. Þá gerir Ísafjarðarbær fyrirvara við upplýsingar umsækjanda um nýtingu í 5. tl. umsóknar þar sem engin gögn liggja fyrir um hana.

Í ljósi alls framangreinds, og sérstaklega að því er varðar þá óvissu sem er uppi um eignarréttindi á umræddum jarðhitaréttindum, leggst Ísafjarðarbær gegn því að Rnes ehf. sé veitt nýtingarleyfi fyrir rekstur hitaveitu í Reykjanesi, a.m.k. að svo stöddu. Er rétt að

Juris

benda á að ekki verður séð að samkomulag náist milli aðila um endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 7. gr. laga nr. 57/1998, á meðan ekki hefur verið leyst úr framangreindri óvissu um eignarhald á jarðhitaréttindum. Telur Ísafjarðarbær í reynd að þegar af þeirri ástæðu sé ekki unnt að veita nýtingarleyfi á grundvelli fyrirliggjandi umsóknar. Umsókn Rnes ehf. beri því að hafna.

Er framangreindri afstöðu Ísafjarðarbæjar hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. Ísafjarðarbæjar,

Edda Andradóttir.

Edda Andradóttir, lögmaður